

Hlíðarvegur-Heiðmörk


Umsókn um styrk til samgöngleiðar (styrkvegir)

Umsækjandi: Bæjarsjóður Garðabæjar

Áformað er að lagfæra vegkafla á Hlíðarvegi (Vífilsstaðahlíð) í Heiðmörk, breyta legu hans að hluta og leggja hann bundnu slitlagi ásamt því að útbúa gott og aðgengilegt bílastæði á mun öruggari stað en það sem fyrir er. Sé ekið um Hlíðarveg í Heiðmörk, frá vegamótum við Maríuhella, er bundið slitlag á um 2/3 hluta vegarins meðfram Vífilsstaðahlíð. Þá tekur við malarkafli og fljótlega er komið að mjög krappri beygju og blindhæð þar sem vegurinn liggur um Hjallamiskengið. Bílum er lagt þar ofan við vegkantinn, nánast í beygjunni. Göngufólk á leið í Búrfell og Búrfellsgjá fer þar úr bílum sínum og gengur þvert yfir veginn. Gangandi getur verið í hættu á þessum stað.

Notkun og ástand leiðarinnar

Heiðmörk er eitt fjölsóttasta útivistarsvæði á höfuðborgarsvæðinu. Vegir eða slóðar eru samtals 27 km og svæðið því mjög víðfeðmt. Umferðarspá Vegagerðarinnar gerir ráð fyrir mikilli fjölgun bíla sem munu fara um svæðið. Leiðin sem um ræðir er einungis hluti af „hringveginum“ um Heiðmörk. Ástand vegarins er oft mjög slæmt. Þar sem bundnu slitlagi sleppir tekur við holóttur vegur með tilheyrandi pollum og „þvottabrettum“. Vegurinn hefur verið heflaður og borið hefur verið ofan í hann eins og hægt er.



Heiðmörk: Núverandi lega vegar um Vífilsstaðahlíð ásamt bílastæði.

Ástandið er misjafnt eftir aðstæðum, veðurfari og umferð. Stöku sinnum hefur vegurinn verið erfiður yfirferðar og mikið um pollamyndun. Sérlega varasamt getur verið þegar ekið er af bundnu slitlagi yfir á mölina, þrátt fyrir að varað sé við að bundið slitlag endi. Eins og áður sagði er bílastæði fyrir nokkra bíla er á leiðinni. Staðsetning þess er óhentug og jafnvel hættuleg þar sem þau útivistarsvæði sem sótt er í eru hinu megin við veginn og þarf fólk því að ganga yfir veginn, til og frá bílunum.

Með endurbótum og lagningu bundins slitlags má reikna með miklum vegabótum á þessari leið, auknu öryggi auk þess sem viðhald mun minnka til muna. Gerð bílplans sem rúmaði rútu auk fólksbíla með bundið slitlag ætti að bæta mjög aðgengi og öryggi þeirra sem heimsækja Heiðmörk.

Náttúra svæðisins, aðstæður og saga


Í nágrenni svæðisins sem um ræðir eru sögufrægir staðir sem mikil aðsókn er að. Búrfell, Búrfellsgjá og Selgjá voru friðlýst sem náttúruvætti 30. apríl 2014. Alls nær friðlýsingin til um 323 hektara lands. Búrfell er eldstöð frá nútíma, um 7500 ára og frá henni rann mikið hraun sem þekur 18 km² lands. Gjáarétt er í Búrfellsgjá og var hún er friðlýst sem fornminjar árið 1964 ásamt Vatnsgjá. Selgjá hefur að geyma fjölda selja, þar hafa fundist 11 seljasamstæður. Sjá áhugaverða staði á vef Garðabæjar á slóðinni: <http://www.gardabae.is/umhverfi/umhverfismal/fridlysingar-i-gardabae/burfell-burfellsgja-og-burfellshraun/ahugaverdir-stadir/>

Gönguleiðin á Búrfell hefst við enda Vífilsstaðahlíðar, leiðin liggur eftir endilangri Vífilsstaðahlíð yfir Hlíðarveg við enda hliðarinnar, niður Hjallamisgengið, eftir Búrfellsgjá og uppá Búrfell. Þessi ganga er vinsæl á öllum árstímum. Stutt er í nyrstu mörk Reykjanesfólkvangs sem stofnaður var árið 1975 og er langstærsta friðlýsta svæðið sinnar tegundar hérlandis.

Verkefnislýsing

Á meðfylgjandi mynd má sjá tillögu frá Landslagi ehf. um breytingu á legu vegarins og nýtt bílastæði ásamt tengingum við reið- og gönguleiðir. Þar er m.a. gert ráð fyrir að hluti eldri vegar nýtist sem reiðleið.

Verkið snýst um annars vegar lagfæringar hluta leiðarinnar og hins vegar uppbyggingu nýs vegkafla sem mun taka af þær kröppu beygjur sem nú eru. Einnig snýst verkið um uppbyggingu nýs bílastæðis fyrir bæði fólksbíla og rútur. Þá þarf að tengja reið- og gönguleiðir að nýju.



Heiðmörk: Tillaga Landslags ehf. um breytta legu vegar og nýtt bílastæði fyrir fólksbíla og rútur.

Kostnaðaráætlun

Gert er ráð fyrir að sett verði bundið slitlag á u.þ.b. 400 metra langan, beinan kafla Hlíðarvegar eða beygjunnar upp á Hjallana.

Við enda beina kaflans verði gert bílastæði sem tekur u.þ.b. 40 bíla og 3 rútur.

Lýsing á framkvæmd bílastæðis:

Lausum jarðvegi verður ýtt ofan af hrauninu í lága mön milli stæða og vegar. Kjarr- og móatorfum verður haldið til haga eftir því sem kostur er til að ganga frá jaðarsvæðum. Gert er ráð fyrir 80 cm þykku burðarlagi og að yfirborð bílplansins verði klætt bundnu slitlagi.

Kostnaðarliður	Magn	ein.	ein.verð	Upphæð m. vsk
Malbik og mulningur á veg	2000	ferm.	5.000	10.000.000
Tilflutningur á lausum jarðvegi	650	rúmm.	1.800	1.170.000
Burðarlög	1500	rúmm.	3.500	5.250.000
Malbik og mulningur á bílastæði	1700	ferm.	5.000	8.500.000
Hönnun, umsjón og ófyrirséð				3.738.000
Alls:				28.658.000

Veghaldari, Bæjarsjóður Garðabæjar stendur að fyrirhuguðum framkvæmdum. Áfangaskipting verður ákveðin í samræmi við fjárframlög til verkefnisins. Sótt er um styrk til verkefnisins miðað við ofangreindar forsendur.

f.h. Garðabæjar,


Erla Bil Bjarnardóttir, umhverfistjóri Garðabæjar



Ástand vegar eftir bleytutíð




Malbik endar. Ástand vegar eftir að borið var ofan í hann.



HEIMMÖRK | GARDABÆ OG SANDAHLÍÐ
BÍLASTÆÐI VÍÐ SUÐURENDA VÍÐLSTADAHÍÐAR

KVADRÁÐ	1:5000	TEKNI NÚR	1
DAGS	13.04.2015	HAFNAD	94
FLOKUR	1300-garð	TEKNIAD	070
DRA	15002-grafteg-1.dwg	VERKUR	15032





	BYGGINGARREITUR		STOFNSTÍGAR / GRÆNI STÍGURINN		REIDLEIÐIR		NÚVERANDI SKÓGLENDI
	BYGGING		ADALSTÍGAR		VEGIR		ÁÆTLAD SKÓGLENDI
	GRASFLÓT		ÚTIVISTARSTÍGAR		AKFER STÍGAR		MINJAR
	ÁNINGARSTADUR		ÚTIVISTARLEIÐIR		BÍLASTÆÐI		NÝR VEGUR

HEIÐMÖRK Í GARBABÆ OG SANDAHLÍÐ
BÍLASTÆÐI VÍÐ SUÐURENDA VÍFLSTADAHÍÐ

KVARTAL A3	1:2000	TEKNI NÚR	2
DAGS	13.04.2015	HANNAÐ	PH
FLOKKUR	1300-garð	TEKNAÐ	GRG
SKALA	15002-græstígar-1.dwg	VERKNAÐ	15002

